

**Ed.**

**638. Þingsályktun**

um öryggi sjómanna og bætta afkomu barna og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka fyrir næsta þing eftirfarandi atriði:

- a. Hve mikið mundi kosta að koma hjer upp tækjum til að samtala þráðlaust til báta og skipa hjer við land og láta í tje fregnir um veðurfar.
- b. Hve mikið útflutningsgjald þyrfti að leggja á útfluttar sjávarafurðir til að geta veitt ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna hæfilegan lífeyri.